

## M-20/2011. Álit 9. nóvember 2011.

### Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 9. nóvember 2011 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-20/2011.

#### I

##### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 14. febrúar sl. bað X, hér eftir nefnd álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa tungusófa hjá Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi segir sófan gallaðan og krefst þess að seljandi bæti úr gallanum á sinn kostnað eða afhendi nýjan sambærilegan sófa. Ef ekki verður af þeim kröfum krefst álitsbeiðandi endurgreiðslu kaupverðsins.

#### II

##### Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. þann 26. maí sl., var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var frestur til að skila þeim veittur til 9. júní. Andsvör seljanda bárust kærunefndinni ekki.

#### III

##### Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi keypti Carter tungusófa hjá seljanda hinn 18. janúar 2007. Tungusófinn er úr „bycast“ leðri og var ásett verð rétt undir 170 þúsund krónum. Að sögn álitsbeiðanda var samið um að álitsbeiðandi fengi sófann fyrir 100 þúsund krónur þar sem um síðasta eintakið var að ræða og ekki von á annarri sendingu fljótlega.

Síðla árs 2010 tók álitsbeiðandi eftir að efnið var farið að þynnast á stökum stöðum á sófanum en taldi á þeim tíma að ekki yrði meira vandamal sökum þess. Í lok nóvember 2010 fór hins vegar að bera á litlum sprungum í leðrinu sem rifnuðu hratt upp, einkum þó ein sessan. Var þá tekin ákvörðun um að bæta settið með litlum bótum. Rifurnar hafa þó haldið áfram að rifna upp og þeim fjölgað. Í janúar 2011, þegar liðin voru fjögur ár frá kaupnum, var sendur tölvupóstur til seljanda og óskað eftir því að tungusófinn yrði lagfærður. Starfsmaður seljanda kom og skoðaði sófann hinn 25. janúar 2011 og greindi kaupanda þá frá því að seljandi viðurkenndi ekki að um sófann gildi fimm ára kvörtunarfrestur samkvæmt 2. mgr. 27. gr. neytendakaupalaga nr. 48/2003. Starfsmaðurinn bauð þess í stað afslátt á nýju sófasetti. Álitsbeiðandi fékk tölvupóst frá seljanda hinn 28. janúar sl. þar sem honum var boðinn 20% afsláttur af verði sófasetta sem ekki voru á tilboði. Álitsbeiðandi segir að daginn eftir hafi birst auglýsing í fjölmiðlum þar sem seljandi bauð 20% afslátt af öllum sófasettum þá helgina.

Áfram segir í álitsbeiðni:

„Álitsbeiðandi telur sig eiga rétt á 5 ára kvörtunarfresti með vísan í 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Álitsbeiðandi telur óásættanlegt að leður endist ekki lengur en fjögur ár. Eðlilegur endingartími leðurs er tíu til fimmtán ár hið minnsta og er það ástæðan fyrir því að álitsbeiðandi verslaði leðursófa en ekki tausófa. Öll umgengni um sófann hefur verið góð. Álitsbeiðandi taldi sig vera að kaupa góðan sófa þar sem um var að ræða dýrasta sófann í Y á þessum tíma. Jafnvel þótt bætur hafa verið settar á sessur, og þá aðallega þá sem verst er farin, breytir það engu varðandi ábyrgðina enda skerða þær á engan hátt viðgerðarmöguleika Y þar sem sessurnar verða ekki lagfærðar öðruvísi en með því að skipta út leðrinu. Álitsbeiðandi telur tungusófann gallaðan og gerir kröfur í eftirfarandi röð: 1. Að Y annist á sinn kostnað úrbætur á tungusófanum. 2. Að Y afhendi sambærilegan tungusófa í stað þess gallaða. 3. Að Y endurgreiði kaupverðið.“

## IV

### Andsvör seljanda

Seljanda var gefinn kostur á að skila inn andsvörum til kæruneftndarinnar en engin slík bárust. Verður álit kæruneftndarinnar því gefið samkvæmt þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu.

## V

### Niðurstaða meirihluta kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 1. gr. laganna.

Að mati nefndarinnar er hér um að ræða hlut sem kaupandi mátti ætla að entist gallalaus í mun lengri tíma en raun varð en gallar virðast hafa komið fram í sófanum þegar hann var tæplega fjögurra ára gamall. Er það því mat nefndarinnar að álitsbeiðandi eigi rétt á kvörtunarfresti í samræmi við 2. málslíð 2. mgr. 27. gr. laga um neytendakaup, þ.e. fimm ára kvörtunarfresti. Þegar um er að ræða kaup á leðursófa verður að telja að neytandi megi við kaup á slíkum hlut vænta þess að hluturinn endist í mun lengri tíma en fimm ár. Þá kemur fram sú skýringarregla í greinargerð með 27. gr. laga um neytendakaup að ef vafi sé um hvort söluhlutur skuli falla undir fimm ára regluna skuli vafinn vera túlkaður fimm ára reglunni í hag. Það er því mat nefndarinnar, sem sækir jafnframt stoð í fyrri úrlausnir nefndarinnar, að kvörtun álitsbeiðanda sé tímanlega fram komin.

Miðað við þau gögn sem lögð hafa verið fyrir nefndina má einnig telja ljóst að sófi sá sem um ræðir sé haldinn galla í skilningi 16. gr., sbr. 15. gr., laga um neytendakaup, en af myndum sem fylgdu álitsbeiðninni má ráða að leður í setflötum sófans sé nokkuð illa sprungið. Þá er ekkert komið fram í málinu er bendi til þess að þessar skemmdir á sófanum séu komnar til vegna rangrar notkunar hans eða séu á einhvern hátt af völdum álitsbeiðanda.

Það breytir ekki þessari niðurstöðu þó umræddur sófi sé úr svokölluðu „bycast“ leðri enda ekkert komið fram í gögnum málsins um að álitsbeiðandi hafi verið gerð sérstaklega grein fyrir að umræddur sófi væri úr „bycast“ leðri eða því hvað fælist í að sófinn væri úr svokölluðu „bycast“ leðri og hvort vænta megi styttri endingartíma en ella sé sófi úr slíku efni, en seljandi hefur látið hjá líða að svara erindum nefndarinnar vegna málsins. Verður því að gera ráð fyrir að álitsbeiðandi hafi talið sig vera að kaupa leðursófa og haft væntingar um endingu hans í samræmi við það.

Þá breytir það heldur ekki niðurstöðunni þó sófinn hafi verið seldur álitsbeiðanda með töluverðum afslætti enda á það ekki að hafa áhrif á lögbundinn rétt neytenda hvort seljandi ákveður að veita afslátt af söluhlut, selja hann á útsölu, eða annað slíkt. Þá aðeins getur slíkt komið til skoðunar þegar vara er seld með ákveðnum galla sem kaupandi vissi af við kaupin og getur því ekki borið fyrir sig síðar, sbr. 3. mgr. 16. gr. laga um neytendakaup, en um slíkt er ekki að ræða hér. Seljandi hefur ekki látið málið til sín taka fyrir nefndinni og því ekkert fram komið um að sófinn hafi verið haldinn göllum þegar við kaup sem álitsbeiðandi vissi um og geti því ekki borið fyrir sig síðar, eða að sófinn hafi verið seldur með fyrirvara líkum þeim sem um ræðir í 17. gr. laga um neytendakaup, eða að ástand sófans hafi á einhvern hátt verið annað en nýtt eða því sem næst. Ekkert bendir til þess að ástæða afsláttarins hafi verið önnur en sú að um síðasta eintak verslunarinnar var að ræða, og þekkt er að slík eintök séu seld með nokkrum afslætti og það án þess að nokkuð sé athugavert við gæði þeirra og notagildi að öðru leyti.

Kemur þá til skoðunar hvaða kröfur álitseiddandi getur gert á hendur seljanda, en kröfur hans í málinu eru þær að seljandi geri bæti úr gallanum á sinn kostnað eða afhendi nýjan sambærilegan sófa. Ef ekki verður fallist á þær kröfur krefst álitseiddandi endurgreiðslu sófans, þ.e. riftunar á kaupunum.

Miðað við þau gögn sem liggja fyrir um ágallana á sófanum verður að telja að úrbætur gætu aðeins falist í því að skipta um allt áklæði hans. Verður að telja að slíkar úrbætur yrðu svo kostnaðarsamar, miðað við kaupverð sófans og ástands hans að öðru leyti, að ósanngjarnt væri að leggja þær á seljanda, sbr. 1. mgr. 29. gr. laga um neytendakaup. Er aðalkröfu álitseiddanda því hafnað.

Hvað varðar kröfu álitseiddanda um nýja afhendingu, sbr. b-lið 1. mgr. 26. gr. laga um neytendakaup, verður að líta til þess að álitseiddandi hefur af því er virðist haft afnot af sófanum í tæp fjögur ár án þess að gallar kæmu fram á honum. Í ljósi þess verður að telja að ósanngjarnt væri að leggja þá skyldu á seljanda að afhenda nýjan sófa, sbr. 1. mgr. 29. gr. laga um neytendakaup.

Hvað varðar kröfu álitseiddanda um riftun verður svo að telja, og er þá einnig höfð hliðsjón af því að álitseiddandi hafði not af sófanum í tæp fjögur ár án þess að galli kæmi fram, að gallarnir séu ekki svo verulegir, þegar tekið er tillit til allra þátta, að riftun skv. d-lið 1. mgr. 26. gr., sbr. 32. gr., laga um neytendakaup, eigi rétt á sér. Er kröfu álitseiddanda um endurgreiðslu kaupverðsins hafnað.

Hins vegar er það mat nefndarinnar að álitseiddandi eigi eftir sem áður, vegna þeirra galla sem fram eru komnir á sófanum, rétt á afslætti af kaupverðinu skv. c-lið 1. mgr. 26. gr. laga um neytendakaup og telst sá afsláttur hæfilega ákvarðaður 30.000 kr.

## VI

### Álitserð

Seljandi, Y, greiði álitseiddanda, X, 30.000 kr.

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

---

Lárus M.K. Ólafsson

## Sérálit Áslaugar Árnadóttur

Undirrituð er sammála meirihluta kærunefndarinnar um að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar. Undirrituð er hins vegar ekki sammála þeirri niðurstöðu meirihlutans að umræddur sófi sé vara sem ætlaður sé verulega lengri endingartími en almennt gerist.

Í 27. gr. laga um neytendakaup kemur fram að neytandi þarf að tilkynna um galla á söluhlut sem hann hyggst bera fyrir sig innan tiltekinna tímamarka til að geta beitt þeim úrræðum sem löggin tiltaka. Segir svo í 2. mgr. 27. gr.:

*„Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Frestir skv. 1. og 2. másl. eiga ekki við ef um er að ræða galla skv. g-lið 2. mgr. 15. gr.“*

Í athugasemdum við 27. gr. frumvarpsins sem varð að neytendakaupalögum nr. 48/2003 segir m.a. eftirfarandi:

*„Reglunni er ætlað að styrkja rétt neytenda, enda getur tveggja ára reglan verið ströng í garð neytanda þegar um er að ræða leynda galla við kaup á hlut sem á að endast lengi. Það getur gerst að verulegir gallar komi ekki í ljós fyrr en löngu eftir afhendingu. Getur þá verið ósanngjarnt ef neytanda er með öllu ómögulegt að bera gallann fyrir sig ef hann tilkynnir um gallann innan hæfilegs tíma frá því að hann varð hans var.“*

*Mat á því hversu langur endingartími söluhlut er ætlaður er unnt að byggja á því mati sem fram fer skv. b-lið 2. mgr. 15. gr. frumvarpsins. Því þarf m.a. að líta til þess hvers neytandi mátti vænta við kaup á slíkum hlut. Framleiðendur söluhluta hafa ólík markmið við framleiðslu hluta hvað varðar endingartíma þeirra. Endurspeglast þetta m.a. í verði og markaðssetningu hlutanna. Ef vafi er um það hversu langan endingartíma hlut er ætlað að hafa er rétt að vafinn falli fimm ára reglunni í hag. Með endingartíma söluhlutar er átt við það hvað hlutnum er ætlað að virka lengi á viðunandi hátt. Til dæmis fellur það að hlutur verði úreltur vegna tækniframfara ekki undir ákvæðið. Áætlaður endingartími söluhlutar er byggður á venjulegri notkun.“*

Fyrir liggur að u.þ.b. þrjú ár og tíu mánuðir liðu frá því álitsbeiðandi keypti sófann þangað til kvartað var til seljanda vegna gallans. Þá má sjá af gögnum málsins að sófinn var sýningareintak í verslun seljanda og því má gera ráð fyrir að hann hafi verið í notkun í einhvern tíma fyrir afhendingu.

Álitsbeiðandi segir í álitsbeiðni sinni að endingartími leðurs sé tíu til fimmtán ár hið minnsta og það hafi verið ástæðan fyrir því að keyptur var leðursófi en ekki tausófi. Jafnframt kemur fram í álitsbeiðninni að um hafi verið að ræða svokallað „bycast“ leður.

Vara sem seld er sem „bycast“ leður hefur ekki eiginleik venjulegs leðurs heldur er um að ræða klofið leður með yfirborðslagi úr gerviefninu pólýúretan. Telur minnihluti kærunefndarinnar ekki að hægt sé að ætlast til þess að slíkt efni hafi sama styrkleika og endingu og leður, enda er allur gangur á hversu slitsterkt slíkt efni er og fer endingartíminn m.a. eftir gæðum vörunnar, álagi, umgengni o.fl.

Þá verður einnig að líta til þess að álitsbeiðandi fékk verulegan afslátt af sófanum, en hún greiddi fyrir hann 100 þúsund krónur, en ekki hið ásetta verð sem var 170 þúsund krónur.

Má gera ráð fyrir að afsláttur hafir verið veittur, m.a. á grundvelli þess að sófinn hafði verið notaður fyrir söluna og þar með hafi hann verið orðinn slitinn.

Af öllu framansögðu leiðir að minnihluti kærunevndarinnar telur að ekki liggi fyrir að umræddum sófa sé ætlaður „verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti“ eins og skilyrði er til að fimm ára kvörtunarfrestur eigi við, sbr. 2. másl. 2. mgr. 27. gr. nkpl. Er niðurstaða minnihlutans því sú að kvörtun álitsbeiðanda sé of seint fram komin.

---

Áslaug Árnadóttir